Uppgröftur á brunni í landi Stóra-Knarrarness á Vatnsleysuströnd

(Framkvæmdarannsókn)

Oddgeir Isaksen

Fornleifastofnun Íslands SES

Reykjavík. FS529-14011

©Fornleifastofnun Íslands

Bárugötu 3

101 Reykjavík

Sími: 551-1033

Fax: 551-1047

Veffang: fsi@instarch.is

Efni:

Inngangur. 5

Markmið og aðferðir 5

Niðurstöður. 7

Heimildir 14

Inngangur.

Nú stendur yfir bygging sjóvarnargarða meðfram strandlínu jarðanna Stóra-Knarrarness og Narfakots á Vatnsleysuströnd. Af þeim sökum fór fram deiliskráning fornleifa innan áhrifasvæða framkvæmdanna í nóvember og desember 2013 og voru skráðar 9 fornleifar sem taldar voru í hættu í landi Stóra-Knarrarness og 24 fornleifar í landi Narfakots (Kristborg Þórsdóttir 2013). Í umsögn Minjastofnunar Íslands um málið frá 21. nóvember 2013, voru gefin fyrirmæli um mótvægisaðgerðir vegna fornleifa. Fólust þær einkum í því að merkja þyrfti fornleifar vel til að verja þær raski en auk þess áttu framkvæmdir, í einhverjum tilvikum, að fara fram undir eftirliti fornleifafræðings (Fvr. 2013100017/KM).

Þann 13. janúar 2014 fór Kristborg Þórsdóttir fornleifafræðingur m.a. í þeim tilgangi að merkja fornleifar í hættu, samkvæmt fyrirmælum Minjastofnunar. Kom þá á daginn að framkvæmdir voru þegar hafnar í Stóra-Knarrarnesi og höfðu þau mistök orðið að ein fornleif, brunnur GK-143:006, hafði lent alveg undir fyllingu í vegslóða sem lagður hafði verið frá hlaði bæjarins niður á og meðfram framkvæmdasvæði sjóvarnargarðsins en einnig höfðu hleðslur í kálgarði, GK-143:003, verið huldar að hluta. Var Minjastofnun gert viðvart um málið og fór fulltrúi hennar, Kristinn Magnússon á vettvang þann 15. janúar, ásamt Kristborgu Þórsdóttur og Oddgeiri Isaksen frá Fornleifastofnun Íslands ses, til þess að líta á aðstæður. Var það mat Kristins að ekki væri ljóst hversu mikil röskun hefði orðið á brunninum og því þyrfti að láta fara fram fullnaðarrannsókn á honum til að ganga úr skugga um ástand hans og skrá hann með hefðbundnum aðferðum.

Fór rannsóknin fram dagana 27.-31. janúar 2014 og var hún unnin af Oddgeiri Isaksen og Hildi Gestsdóttur, fornleifafræðingum frá Fornleifastofnun Íslands.

Markmið og aðferðir

Markmið rannsóknarinnar var að afhjúpa brunninn og skrásetja hann í heild sinni með viðurkenndum aðferðum, ásamt því að staðsetja hann nákvæmlega með GPS stöð. Að

því loknu var talið óhætt að hylja hann aftur en þó á þann hátt að hann væri varinn frekara raski. Því ætti að vera hægt að afhjúpa brunninn að nýju sé vilji til þess í framtíðinni.

Notast var við skurðgröfu til að fjarlægja vegfyllingu og yfirborðsjarðveg en að því loknu fylgdu uppgröftur og skráning svokallaðri single context planning aðferð, eins og lýst er í uppgraftarhandbók MOLAS, Englandi (Spencer 1994), og hefur verið útfærð fyrir íslenskar aðstæður (Lucas 2003). Felur aðferðin í sér að hugsað er um hvert mannvistarlag (t.d jarðlag, holu, gröf, eða byggingahluta) á minjasvæði sem einstakan atburð (einingu) í uppbyggingu þess. Hver eining er skráð, teiknuð, hæðarmæld og stundum ljósmynduð og fær hún númer í hlaupandi númerakerfi sem er einstakt innan þess rannsóknarsvæðis sem unnið er á. Þannig er t.d. eitt númerakerfi sem heldur utan um jarðlög sem grafin voru upp í Stóra-Knarrarnesi að þessu inni. Á meðan á uppgreftri stendur eru einingarnar færðar jafnóðum inn í flæðirit (e. Harris Matrix), sem heldur utanum aldursröð þeirra sem og annað samhengi þeirra á milli. Gerir flæðiritið þeim sem grefur kleift að halda góðri yfirsýn yfir uppbyggingu þess minjasvæðis sem unnið er á. Oft getur verið flókið að ráða í samhengi á milli mannvistarlaga og því eru einingar sem þykja eiga saman á einhvern hátt, eins og til dæmis mannvistarlög sem talin eru tilheyra sama notkunarskeiði mannvirkis, settar saman í hóp sem fær númer úr sömu röð og einingarnar sjálfar. Þegar kemur síðan að því að lýsa niðurstöðum uppgraftar í rituðu máli er vísað í númer einiga og hópa þar sem það á við.

Gripir sem finnast við uppgröft eru mikilvægur gagnaflokkur þar sem þeir geta m.a gefið góða vísbendingu um aldur mannvistarlaga eða hlutverk bygginga. Eru þeir einnig allir númeraðir í hlaupandi númerakerfi líkt og mannvistarlögin. Ekki finnast allir gripir í samhengi, þar sem sumir koma fram við hreinsun á uppgraftarsvæði en þegar vitað er úr hvaða mannvistarlögum gripir koma, eru einiganúmer mannvistarlaganna hengd við gripanúmerin og fylgja þau gripunum gegnum allt úrvinnsluferlið.

Jarðvegssýni eru tekin úr mannvistarlögum til ýmissa greininga þar sem þurfa þykir. Fá jarðvegssýnin einnig einstök númer í hlaupandi númerakerfi og eru þau númer tengd

einingaúmerum þeirra mannvistarlaga sem sýnin koma úr. Veltur stærð sýnanna á því í hvaða tilgangi þau eru tekin hverju sinni (skordýragreining, sníkjudýragreining, frjókornagreining, efnagreining, þurr- eða blautsigtun o.s.frv.). Ekki þótti þó ástæða til sýnatöku við uppgröft á brunninum í Stóra Knarrarnesi.

Niðurstöður.

Í deiliskráningarskýrslu frá 2013 segir eftirfarandi um brunninn í Stóra-Knarrarnesi:

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var mannvirki, líklega brunnur með tröppum ofan í, 20-30 m austan við bæ 001. Þessi brunnur er að öllum líkindum Gamli Brunnur sem nefndur er í örnefnaskrá. Brunnurinn var þar sem nú er gróinn og lágur sjávarkambur við klapparfjöru. Ekki sést til greinilegra minja um brunninn og hefur sjórinn fyllt hann af möl og grjóti. Mögulega hafa þó hleðsluleifar sem sjást undir sverði í rofi á sjávarbakka tilheyrt þessu mannvirki. Aðeins sést í hluta af hleðslunni sem er um 1 m á lengd og um 0,4 m á hæð. Tvö umför sjást (Kristborg Þórsdóttir 2013).

Mynd 1: Hleðsluleifar sem sáust stingast út úr rofabarði í fjörunni þegar fornleifaskráning fór fram. Að líkindum hluti af tröppunum (einingar [005], sjá hér að neðan) niður að brunninum. Horft í suðvestur

Opnað var rannsóknarsvæði, um 5 x 2 m að stærð (norðvestur-suðaustur) og komu hleðsluleifarnar, sem nefndar eru í tilvitnuninni hér að frama, fljótlega í ljós. Virtist vera um tröppur að ræða með stefnuna norðvestur-suðaustur. Engin skýr merki voru þó um brunn á svæðinu en í suðausturhorni uppgraftarsvæðisins fannst þó mannvistarlag (eining [005], samsett úr viðarkolum, viðarösku og móösku, blandað grjóti og ýmsum gripum frá 20. öld, sem virtist sitja í holu sem náði út fyrir uppgraftarmörkin. Því var áveðið, í samráði við fulltrúa Minjastofnunar Íslands, að stækka uppgraftarsvæðið til suðausturs. Kom þá í ljós að lagið reyndist vera fylling í einstaklega vel varðveittum grjóthlöðnum brunni (sjá mynd 2).

Mynd 2: Brunnurinn og tröppurnar niður að honum. Horft í norðvestur.

Brunnurinn, sem er nokkurn vegin hringlaga, er um 1 m í þvermál, að innanmáli og um 1,7 m að utanmáli. Dýpt hans er ekki alveg ljós en grunnvatnsborðið í honum er á um 0,5 m dýpi og því var fyllingin einungis fjarlægð niður á um 1 m. Hleðslur í brunninum (eining [008]) og í tröppunum niður að honum (eining [006]), voru ekki fjarlægðar heldur var einungis lögð áhersla á að afhjúpa þær. Þó var hægt að fá grófa hugmynd af gerð þessara mannvirkja. Sást að upphaflega hefur verið grafin skurður (eining [009]), a.m.k um 4 m að lengd og um 2 m á breidd frá norðvestri til suðausturs. Hefur hann verið látinn dýpka í aflíðandi til suðausturs eða þar til sést hefur í grunnvatnsborðið, og hinn



Mynd 3: Yfirlitsteikning sem sýnir brunninn og tröppurnar niður að honum

eiginlegi brunnur svo grafinn beint niður eftir það. Þegar nægilegri dýpt hefur verið náð, þá hafa verið settar niður hleðslur til að forma brunninn, því næst fyllt upp að þeim með grjóti og jarðvegi og tröppurnar loks hlaðnar ofaná fyllinguna (sjá mynd 3). Var fyllingin (eining [007]) einungis fjarlægð að hluta, til að veikja ekki hleðslurnar í brunninum.

Gripir þeir sem fundust í fyllingu brunnsins reyndust, eins og áður sagði, vera frá 20. öld og var einkum um að ræða glerbrot, leirkersbrot, leðurskó og ýmsa járngripi, auk nokkurra gripa úr plasti (sjá mynd 4). Skal það tekið fram hér að ekki voru allir gripir hirtir sem fundust, heldur einungis tekin nokkur sýnishorn.

Mynd 4: Gripir sem voru hirtir úr fyllingu brunnsins.

Einnig fundust nælonsokkabuxur (sjá mynd 5), en þær koma fyrst á markað 1959 (Gant, 1979) þó þær hafi ekki orðið algengar fyrr en um miðjan 7. áratuginn, þegar mini-pilsin koma til sögunnar þá (Christensen,1982).

Mynd 5: Sokkabuxurnar sem fundust í fyllingu brunnsins.

Í fyllingu brunnsins fundust einnig tvö brot úr Pepsiflöskum með merkimiðum og var í

Mynd 6: Brot úr Pepsi-flöskum sem fundust í fyllingu brunnsins.

báðum tilvikum um að ræða gerð merkimiða sem kemur til sögunnar árið 1951 (sjá mynd 6) og var við líði til 1962 þegar nýtt merki kemur til sögunnar (http://www.famouslogos.net/pepsi-logo/).

Samkvæmt upplýsingum frá núverandi eiganda, Elíasi Kristjánssyni, þá flutti maður að nafni Glenn B. Hunt á bæinn um eða upp úr 1960 og rak þar m.a kúabúskap. Þá var ekki þekktur brunnur á þessu svæði heldur var þar forarpyttur, en neysluvatn var tekið úr brunni vestan við gömlu heimatröðina nánar tiltekið innan kálgarðs sem skráður er undir númerinu GK-143:002 (Kristborg Þórsdóttir 2014). Þykja þessar upplýsingar, þ.e nælonsokkabuxurnar, Pepsi-merkimiðarnir og upplýsingarnar frá núverandi landeiganda, benda til þess að brunnurinn hafi verið fylltur um eða upp úr 1960 eða rétt áður en umræddur Hunt flutti á bæinn.

Ekki er hægt að segja til um aldur brunnsins, en þó er öruggt að hann hefur verið kominn til sögunnar snemma á 20. öld ef marka má túnakortið frá 1919. Túnakort 1919). Líklegt er þó að brunnurinn hafi verið orðinn til nokkru fyrr ekki síst ef örnefnið „Gamli Brunnur“ (sjá hér að framan) á við hann en auk þess eru það tröppurnar niður í hann sem sýndar eru á túnakortinu en ekki brunnurinn sjálfur, sem gæti bent til þess að hann hafi þegar verið farinn úr notkun þegar túnakortið var gert. Talsvert landbrot hefur orðið af völdum ágangs sjávar, meðfram strandlínu Stóra-Knarrarness, og sést á áðurnefndu túnakorti frá 1919 að brunnurinn hefur verið nokkuð lengra inn í landi en hann er nú (Túnakort 1919.). Eftir að brunnurinn hafði verið grafinn upp kom í ljós að sjór flæddi upp úr honum á háflóði þannig að uppgraftarsvæðið var hulið um 20 cm djúpu vatni. Samkvæmt upplýsingum frá íbúum á Vatnsleysuströnd var ekki óalgengt að sjávarfalla hafi gætt í brunnum á Vatnsleysuströnd en vatnið í þeim var þó veldrykkjarhæft þar sem ferskvatn er eðlisléttara en sjór og því hægt að fleyta því af honum. Ekki er ólíklegt að landbrot hafi valdið því brunnurinn varð ónothæfur þar sem sjór hafi á endanum farið að flæða upp úr honum.

Mynd 7: Uppgraftarsvæðið umflotið vatni að morgni síðasta dags vettvangsrannsókna. Horft í norður. Skal það tekið fram að vatnið hafði sjatnað nokkuð þegar myndin var tekin.

Að loknum uppgreftri var brunnurinn fylltur með möl og sett krossviðarplata yfir, sem og að sett var möl yfir tröppurnar. Að svo búnu var hvoru tveggja hulið fyllingu í sjóvarnargarðinum.

Heimildir

Kristborg Þórsdóttir (ritstj.) og Sólveig Guðmundsdóttir Beck 2013. *Deiliskráning fornleifa vegna mats á umhverfisáhrifum sjóvarna á Vatnleysuströnd.* Skýrsla Fornleifastofnunar Íslands, FS521-13081. Reykjavík.

Kristborg Þórsdóttir 2014 (ritstj.) og Elín Ósk Hreiðarsdóttir. *Aðalskráning fornleifa í sveitarfélaginu Vogum. Áfangaskýrsla II.* Skýrsla Fornleifastofnunar Íslands, FS527-07252. Reykjavík.

Lucas, G. 2003. *FSÍ Archaeological Field Manual 3rd ed;*

Spencer 1994. *Archaeological Site Manual, Museum of London 3rd ed*.

Christensen, C. Roland 1982. Business Policy: Text and Cases. R.D. Irwin. p. 161. ISBN 0-256-02626-2.

Gant, Margaret Elizabeth 1979. The Raven's Story. Glen Raven.

Túnakort 1919.

http://www.famouslogos.net/pepsi-logo/